



295. Stjórnarfundur haldinn 13. september 2007 kl:18:00
Mættir: Einar, Þórður, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá : UMFÍ boðun á 45. sambandsþing UMFÍ 20. – 21. október 2007 haldið á Þingvöllum.

3. Send bréf.

Tvö bréf sent til Stafnvíkur bt: Sævari Péturssyni v/ fyrirhugðar byggingarframkvæmda við Hringbraut og innlausnar á Hringbraut 108 félagsheimili Keflavíkur.

4. Ritun sögu félagsins.

EH bauð Eðvarð T. Jónsson velkominn til á fund aðalstjórnar og fór yfir símtal sem Eðvarð átti við EH varðandi skrif á sögu félagsins. Umræður um málið og ákveðið að Eðvarð geri tilboð í verkið. EH þakkaði Eðvarð fyrir komuna.

5. 45. sambandsþing UMFÍ 20. – 21. október 2007

Umræður um væntanlegt þing. Stjórnarmenn beðnir að skoða hvort þeir eigi ekki möguleika á því að sitja þingið. EH sagði að fyrir þinginu lægi tillaga frá ÍBR um aðild að UMFÍ. Verið væri að skoða lottó skiptinguna. Rætt um að kaupa fatnað (boli eða treyju) til að vera í á þinginu.

6. Önnur mál.

EH skýrði frá að samningur við 365 ljósvakamiðla sem renna á út í október 2007 verði líkast til endurnýjaður, en hann er að vinna í því. Ákveðið að taka enska boltann fyrir félagsheimilið. Ákveðið að kaupa stuðningsmannakort af körfuknattleiksdeildinni með sama hætti og undanfarin ár. Ákveðið að fara á jólahlaðborð í desember og hafa það með sama hætti og árið áður. Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar verður væntanlega 29. september og er reiknað með að stjórnarmenn mæti á hana ef þeir eiga þess kost.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

